



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
12. nóvember 2024

- T I L L A G A -

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) skal beita sér fyrir því að haldið verði inntökupróf í læknisfræði, sjúkraþjálfunarfræði og tannlæknisfræði á fleiri stöðum en í Reykjavík

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Erindi um þetta kom inn á borð kennslumálanefndar HVS á dögnum. Eins og próftaka er núna er krafist þess að próftakar mæti til Reykjavíkur. Í því felst ferðakostnaður, gisting og annar tilfallandi kostnaður. Síðasta vor lenti hópur fólks í að missa af inntökuprófunum þar sem flug að austan var fellt niður vegna óveðurs.

Háskóli Íslands getur boðið upp á inntökupróf í læknisfræði, sjúkraþjálfunarfræði og tannlæknisfræði á fleiri stöðum en aðeins í Reykjavík. Í núverandi mynd er prófið staðpróf, lagt fyrir í rafræna prófakerfinu INSPERA og því hægt að heimfæra það hvar sem er, svo lengi sem prófverðir og viðeigandi aðstaða séu til staðar. Staðir eins og m.a. Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir og Hornafjörður hafa reynslu af því að veita háskólaþjónustu og sjá um prófaumsýslu í samstarfi við Háskóla Íslands.

Þar að auki gæti þetta reynst góð lausn á mönnunarvanda heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni ef á framtíðina er litið.

Höfundur tillögu vísar einnig í grein Ingibjargar Isaksen í Vikublaðinu þann 8. október 2024 sem ber titilinn “Jöfn tækifæri til menntunar”.

Eiríkur Kúld Viktorsson, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs